

## Svar frá BG til Gísla Ásgeirssonar

Til : gisli40@gmail.com  
Heiti : Svar frá BG til Gísla Ásgeirssonar  
Málsnúmer : 2008009  
Málsaðili : Golfklúbburinn Keilir  
Skráð dags : 14.09.2020 11:36:16  
Höfundur : Berglind Guðmundsdóttir

Viðhengi [image002.png](#)  
[image001.jpg](#)

Sæll Gísli,

Kamburinn sunnan megin við húsið er um 6 m þar sem hann er hæstur, en lækkar niður í ca 3 metra. Ég skal óska eftir mynd sem sýnir húsið í landinu frá Vallarbyggð en vakinn er athygli á því að um er að ræða **hámarks** mænishæð, og ekki er víst að húsið verði svo hátt.

Aðkoma véla og tækja er sú sama og er í dag, en þetta nýja hús mun hýsa tækjakost golfklúbbsins en hluti þess hefur þurft að standa úti, þar sem núverandi áhaldageymsla er of lítil og hefur golfklúbburinn þurft að leigja sér geymslurými yfir vetrartímann.

Ekki er verið að auka á magn tækja né véla, einungis að bregast við plássleysi og mun því enginn aukinn hávaði fylgja hinu nýja húsi. Etv. er hægt að tala um jákvæð áhrif á hljóðmyndun, því í dag þarf að forfæra tæki fram og tilbaka og þá sérstaklega á morgnana, en nýr húsakostur kemur í veg fyrir allt slíkt brölt, því aðgengi að vélum verður talsvert mikið betra.

Hvað varðar að hafa húsið austanmegin við núverandi hús, var sú framkvæmd kostnaðarmeiri og eins skerðir hún athafnasvæði golfiðkenda á braut 16.

Þér er velkomið að vera í sambandi ef eitthvað er óljóst og ég mun senda þér myndina um leið og hún berst.



### Berglind Guðmundsdóttir

landslagsarkitekt  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Norðurhella 2  
[berglindga@hafnarfjordur.is](mailto:berglindga@hafnarfjordur.is)  
585 5500/ 664 5619



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Góðan daginn

Ég bý að Vallarbyggð 7 og uni sambýli við kylfinga nokkuð vel.

Engu að síður hef ég nokkrar spurningar varðandi þessa tillögu sem kynnt er á vef bæjarins.

1. " Sunnan við byggingareitinn liggur kambur sem mun að hluta til fela ásýnds hússins frá núverandi byggð í Hamrabbyggð. " Hversu hátt yfir kambinn mun byggingin ná? Gott væri að fá mynd sem sýndi það. Fram kemur að hámarkshæð hússins verður 6 metrar.

Má reikna með allri þeirri hæð ef horft er frá Vallarbyggð og nágrenni. Þetta varðar auðvitað núverandi útsýni og heildarmynd.

2. Hvar verður aðkoma véla og tækja að húsinu?

3. Hefur umferð véla áhrif á hljóðmynd hverfisins? Nú er þekkt að sláttuvélar kylfinga hefja slátt kl. 04. að morgni á sumrin og þykir léttsvæfum það frekar snemmt. Þýðir þetta meiri hávaða í rauðabítid?
4. Hefur komið til greina að hafa þetta hús austan við núverandi áhaldahús Keilis?

Með von um greinargóð svör.

Gísli Ásgeirsson

Vallarbyggð 7

Símar:

6617848

5651209